Kópavogi 7. nóvember 2023

Bæjarráð Kópavogs
Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri
Fannborg 2
200 Kópavogur

**Varðar: Leyfi fyrir flugeldasölu**

Í meðfylgjandi pappírum óskar Hjálparsveit skáta í Kópavogi eftir leyfi bæjaryfirvalda til að selja flugelda í söluskúrum á tveimur stöðum í bænum.

**Á bílastæði við Versali 5, sama stað og undanfarin ár.**

**Á lóð við Vallakór 4, sama stað og undanfarin ár.**

Hefðbundin flugeldasala fer fram dagana 28.-31. desember að báðum dögum meðtöldum. Sölustaðir eru að jafnaði opnir frá kl. 10:00 til 22:00, að frátöldum gamlársdegi, en þá er opið til 16:00. Engir flugeldar verða geymdir á sölustöðum fyrr 28. desember og verða allir flugeldar fjarlægðir af sölustöðum 31. desember. Vakt verður við sölustaðina allan þann tíma sem flugeldar eru á staðnum.

Flugeldasalan er langmikilvægasta fjáröflunarleið Hjálparsveitarinnar og vonumst við eftir að skjótum og jákvæðum viðbrögðum bæjaryfirvalda við þessari ósk.

Virðingarfyllst,
Sandra Ýr Andrésdóttir, starfsmaður HSSK

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026